

**99. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
17. desember 2018 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir varaformaður, Ólafur Adolfsson aðalmaður, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi, Sindri Birgisson umhverfisstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1811112 - Umhverfisstefna Akraneskaupstaðar

Umhverfisstjóri gerir grein fyrir vinnu sinni vegna kostnaðar og tímaáætlunar við gerð umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar.

Skipulags- og umhverfisráð felur umhverfisstjóra að vinna verkið áfram, málið verður á dagskrá á fyrsta fundi ráðsins 7. janúar 2019.

Sindri Birgisson vék af fundi 9:15.

2. 1811021 - Aðalskipulag Akraness M2 - breyting á miðsvæði (Akratorg, Kirkjubraut, Stillholt)

Lýsing á breytingu aðal- og deiliskipulags miðsvæðis M2 (Akratorg, Kirkjubraut, Stillholt) var auglýst 21. nóvember sl. og óskað eftir ábendingum við lýsinguna t.o.m. 13. desember 2018. Engar athugasemdir bárust.

Umsagnaraðilum var sent bréf dags. 16. nóvember sl. þar sem óskað var eftir umsögnum t.o.m. 13. desember 2018. Umsagnir sem borist hafa eru meðfylgjandi fundarboði.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að þegar búið er að vinna fullbúin skipulagsgögn verði þau kynnt almenningi t.d. með opnu húsi/kynningarfundum. Í framhaldinu mun skipulags- og umhverfisráð fjalla um málið að nýju.

3. 1807077 - Deilisk. Stofnanareitur - Kirkjubraut 39

Kynning á deiliskipulagsuppdraetti fyrir breytingu á Kirkjubrautar 39.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að þegar búið er að vinna fullbúin skipulagsgögn verði þau kynnt almenningi á opnu húsi/kynningarfundum.

Deiliskipulagsbreytingin skal kynnt og auglýst samhliða aðalskipulag Akranes, breyting á miðsvæði M2 (Akratorg, Kirkjubraut, Stillholt).

Í framhaldinu mun skipulags- og umhverfisráð fjalla um málið að nýju.



4. 1812094 - Akranes ferja - flóasiglingar 2019

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs fór yfir stöðu málsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:50.

Ragnar Sæmundsson
Gerdur Þóra Jóhannestóttir
~~Ólafur Þóðólf~~
Stefan F. Stenason
Rúnar Áslaugsson